

Anton Kári Halldórsson,  
Yfirmaður tæknisviðs Skaftárhrepps  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
16. maí 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2011  
Tilvísun: UST20110200022/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi

Vísað er til erindis yfirmanns tæknisviðs Skaftárhrepps er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag urðunarsvæðis Skaftárhrepps að Stjórnarsandi.

Svæðið sem tillaga að deiliskipulagi nær yfir er um 4,7 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir urðun á allt að 200 tonnum á ári. Urðunarstaðurinn er í spildu úr landi Breiðabólstaðar, norðaustan við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri um 300 metra norðan flugbrautar á Stjórnarsandi. Aðkoma frá þjóðvegi 1 er um athafna- og iðnaðarsvæði við Iðjuvelli, meðfram Skaftá og þaðan á milli ræktunarlanda til austurs. Á svæðinu er gert ráð fyrir urðun og móttöku fyrir garðaúrgang, urðun á sláturúrgangi, seyru og ösku frá brennsluofni og geymslu á brotajárni.

#### Staðhættir

Í umfjöllun um staðhætti svæðisins kemur fram að um það bil 2 m háir jarðvegsgarðar eru staðsettir að norðan og vestanverðu við urðunarsvæðið sem gerir það að verkum að ekki ber mikið á svæðinu frá þjóðveginum. Einnig kemur fram að urðunarstaðurinn er allur hólfður niður til móttöku fyrir mismunandi úrgang og að svæðið er girt, og að jarðvegur sé sendinn og gegnir hlutverki náttúrulegrar síu fyrir sigvatn. Umhverfisstofnun bendir á að um leið og sandur er síá á vökva sem fer í gegn um hann, þá er mikilvægt að forðast verði eins og kostur er að sigvatn frá urðunarstaðnum komist út í nærumhverfi urðunarsvæðisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í skýrslunni Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu 2008 – 2020, sem gerð var af UMÍS ehf. kemur fram í umfjöllun um Stjórnarsand Skaftárhreppi að: „urðunarstaðurinn þykir ekki nógu hentugur að því leyti að jarðvatn stendur hátt í honum og því liggur úrgangurinn í vatni að hluta.“

Í kaflanum um staðhætti ksemur einnig fram að „grunnvatnsstaða á svæðinu sé há, en miðað við umfang urðunar er ekki talin hætt á því að sigvatn valdi mikilli mengun.“ Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti rökstuðningur að fylgja slíkri fullyrðingu.

## Mat á umhverfisáhrifum áætlanarinnar

### Landslag og sjónræn áhrif

Í umfjöllun um áhrif á landslag og sjónræn áhrif kemur fram að urðun hefur farið fram á þessum stað í alllangan tíma, þannig að umhverfisáhrif eru nú þegar af starfsemi staðarins, svo sem mengun og svæðið er raskað vegna urðunarinnar. Varðandi sjónræn áhrif varna manir því að af svæðinu séu neikvæð sjónræn áhrif.

### Loft

Í umfjöllun um umhverfisáhrif deiliskipulagstillögunnar á loft kemur fram að þau eru aðallega vegna lyktar og gasmyndunar af lífrænum úrgangi. Einnig kemur fram að lykt þynnist hratt út og að engin lykt er talin finnast í um 1 km fjarlægð frá urðunarstaðnum. Einnig kemur fram að hægt sé að vera með forvarnir þegar vindur stendur á byggð sem næst er urðunarstaðnum. Þ.e.a.s. í minna en kílómeters fjarlægð frá urðunarstaðnum. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hve nálægt urðunarstaðnum sú byggð er og hvaða forvarnir eru áætlaðar til að varna lyktarmengun.

### Vatnafar og jarðvegur

Urðunarstaðurinn er í afskekktri byggð og þess vegna eru undanþágur veittar í drögum að starfsleyfi hvað varðar söfnun sigvatns. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að beina yfirborðsvatni frá urðunarstaðnum og bendir á mikilvægi þess að sigvatn berist ekki frá svæðinu í, eða mengi grunnvatn.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem árlega eru urðuð 52 tonn af ösku frá sorporkustöðinni á Kirkjubæjarklaustri og þar sem urðunarstaðurinn hefur undanþágu frá því að safna sigvatni, er afar brýnt að vöktun sé með þeim hætti, að ef um mengun verði að ræða í grunnvatni eða Skaftá, þá verði vöktunaraðilar þess varir strax.

### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram með hvaða forvörnum á að tryggja að byggð sem staðsett er nær urðunarstaðnum á Stjórnarsandi en 1 kílómeter verði varin gegn lyktarmengun. Þar sem urðuð er aska frá sorporkustöð og þar sem svæðið er hólfað niður eftir mismunandi notkun bendir Umhverfisstofnun á að æskilegt væri að þetta jarðveg á því svæði sem ætlað er til urðunar ösku enda um mengaðan úrgang að ræða. Einnig ítrekar stofnunin mikilvægi þess að vöktunaráætlun sé með þeim hætti að þess verði vart strax ef um mengun yrði að ræða frá ösku frá sorporkustöð sem urðuð er á svæðinu.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun